

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 193/1958. **Trausti Jónsson og**

Hraðfrystihús Keflavíkur h/f

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Ibsenssyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Bætur vegna slita á ráðningarsamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem nú eru sagðir sameigendur að v/b Sæfara, K E 52, hafa með stefnu 29. desember 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar þá. Krefjast þeir þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að felldur verði niður sjóveðréttur í v/b Sæfara, K E 52. Svo krefjast þeir og málskostn- aðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjenda og málskostn- aðar hér fyrir dómi úr hendi þeirra eftir mati Hæstaréttar.

Krafa áfrýjenda um ómerkingu málsins og frávísun frá héraðsdómi er á því reist, að á þeim tíma, sem stefndi réðst skipstjóri á v/b Sæfara, hafi skipið verið í sameign félag- anna Viðeyjar h/f og Drangeyjar h/f. Hefði stefnda því verið rétt að stefna þessum félögum báðum í héraði. Þar sem þessi málsástæða varðar að engu sjóveðrétt í skipi áfrýjenda, verður ómerkingarkröfunni ekki sinnt.

Þá telja áfrýjendur, að stefndi hafi ekki öðlazzt neina bótakröfu á hendur útgerð skipsins vegna slita á ráðn- ingarsamningi, sem tryggð sé með sjóveðrétti í v/b Sæfara. Þó að áfrýjandinn Trausti Jónsson hafi eignazt skipið, með- an á ráðningartíma stefnda stóð, hafi stefnda verið veittur kostur á að vera áfram á skipinu með umsömdum kjör- um út ráðningartímann.

Pegar stefndi kom til Keflavíkur á v/b Sæfara hinn 30. marz 1956, voru orðin eigendaskipti að skipinu. Mátti stefndi þá telja ráðningarsamningi sínum slitið, og þar sem ráðningartími var ekki á enda, öðlaðist hann bótarétt á hendur útgerð skipsins, sem tryggð var með sjóveðrétti í skipinu samkvæmt 236. gr. laga nr. 56/1914. Eftir gögn-um málsins þykja bætur til handa stefnda ekki of hátt ákveðnar í héraðsdómi. Á ákvæði dómsins um sjóveðrétt því að standa óhaggað.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjenda í málinu. Eftir atvikum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Ibsensson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Trausta Jónssonar og Hraðfrystihúss Keflavíkur h/f, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., höfðaði Guðmundur Ibsen skipstjóri, Laugarnesvegi 83, hér í bæ, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. október 1956, á hendur Oddi Helgasyni f. h. Fiskveiðihlutafélagsins Viðey h/f, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 27.309.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 18.742.02, en hélt að öðru leyti við kröfur í stefnu.

Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Sæfara, K E 52, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum. Hefur

hann stefnt Trausta Jónssyni, Keflavík, núverandi eiganda skipsins, til réttargæzlu að því leyti.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til greiðslu á kr. 9.634.64 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnunnar í málinu.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að um haustið 1955 hafi hann ráðizt til hins stefnda hlutafélags til að verða skipstjóri á skipi félagsins v/b Sæfara, K E 52, á vetrarvertíð 1956. Skipið hafi átt að senda til Svíþjóðar til ýmissa endurbóta, en þeim hafi átt að vera lokið fyrir vertíðarbyrjun. Hafi verið umsamið, að stefnandi sækti skipið og sigldi því til landsins. Stefnandi hafi síðan ráðið skipshöfn um og eftir miðjan október 1955. Það hafi síðan dregizt mjög, að viðgerð á skipinu yrði lokið í Svíþjóð, og hafi þeir skipverjarnir ekki verið sendir utan til að sækja það, fyrr en hinn 16. febrúar 1956. Enn hafi þá orðið dráttur á því, að skipið yrði tilbúið. Hafi þeir ekki getað lagt af stað til landsins fyrr en 25. marz, og hafi þeir komið til Keflavíkur hinn 30. s. m. Er til landsins hafi verið komið, hafi stefndur verið búinn að selja skipið Trausta Jónssyni, réttargæzlu-stefnda. Hafi því ekkert orðið úr því, að stefnandi hæfi róðra á skipinu, enda hafi hinn nýi eigandi þess leigt það til Vestmannaeyja, þar sem ný skipshöfn hafi tekið við því.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi orðið fyrir miklu fjárhagstjóni vegna þessara vanefnda stefnda á samningi aðiljanna, þar sem hann hafi af þeim sökum tapað heilli vetrarvertíð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi eingöngu verið ráðinn upp á fast mánaðarkaup, þar til skipið gæti hafið róðra. Er skipið hafi komið til landsins, hafi orðið eigendaskipti að því. Hinn nýi eigandi hafi þá boðið stefnanda að verða með skipið ásamt skipshöfn þess, það sem eftir hafi verið vertíðar, en því boði hafi stefnandi hafnað. Vegna þess hafi stefnandi firt sig rétti til að krefjast skaðabóta úr hendi hins stefnda hlutafélags.

Stefnandi hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið ráðinn til að vera með skipið á vetrarvertíðinni með kjörum samkvæmt gildandi kjarasamningum á ráðningartímanum. Er þeir hafi komið með skipið til Keflavíkur, hafi réttargæzlustefndi,

Trausti Jónsson, tjáð stefnanda, að hann væri búinn að kaupa skipið. Trausti hafi ekki boðið honum að vera með skipið. Hins vegar hafi Trausti talað um það „undir rós“, að þeir gætu komizt að samkomulagi, og hafi stefnanda skilizt, að Trausti hafi ætlað að ræða það samkomulag síðar. Stefnandi kvaðst síðan hafa átt tal við fyrirsvarsmenn hins stefnda hlutafélags. Hafi þeir staðfest það, að eigendaskipti hafi orðið að skipinu. Að þessum upplýsingum fengnum, hafi þeir skipverjar flutzt úr skipinu.

Trausti Jónsson, réttargæzlustefndi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi, strax og skipið hafi verið komið til Keflavíkur, óskað eftir því við stefnanda, að hann yrði skipstjóri á skipinu til línuveiða, það sem eftir væri vertíðar. Stefnandi hafi ekki viljað það, en viljað hefja netjaveiðar á skipinu. Hafi því ekkert orðið úr ráðningunni. Það hafi ekki verið fyrr en eftir að stefnandi hafi hafnað skipstjórastöðunni, sem hann, Trausti, hafi leigt skipið.

Í málinu liggur fyrir samkomulag, dags. 26. janúar 1956, þar sem segir m. a.: „Þar sem dráttur hefur orðið á því, að m.b. Sæfari, K E 52, sem nú er í Svíþjóð að fá nýja vél o. fl., yrði tilbúinn að hefja vetrarvertíð, en undirritaður Guðmundur Ibsen er ráðinn skipstjóri á hann, hefur orðið samkomulag um, að nefndum Guðm. Ibsen skuli greitt í biðpeninga kr. 10.000.00 — tíu þúsund krónur — á mánuði, er reiknast frá þeim tíma, að róðrar hófust, það er frá 24. janúar s.l., og þar til báturinn kemur til Íslands, þó aldrei lengur en til 11. maí n.k. Miðað er við, að nefndur Guðmundur Ibsen sækir bátinn til Svíþjóðar.“ Samkomulag þetta undirrita stefnandi og Sigurjón Sigurðsson sem prókúruhafi hins stefnda hlutafélags.

Af þessu samkomulagi þykir sýnt, að stefnandi hafi verið ráðinn til að vera skipstjóri á skipinu á vetrarvertíðinni 1956. Og þar sem stefndu gegn eindregnum mótmælum stefnanda þykja ekki hafa fært sönnur að því, að stefnandi hafi átt kost á að vera skipstjóri á skipinu, eftir að komið var til landsins, ber hið stefnda hlutafélag fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna vanefnda félagsins á samningi aðiljanna. Verður því sýknukrafa stefndu ekki til greina tekin.

Fjárkröfu sína í málinu miðar stefnandi við það, hver skipstjórahlutur sinn hefði orðið yfir alla vertíðina. Miðar hann við útgerð tveggja skipa, sem gerð voru út frá Keflavík, svo sem til stóð með v/b Sæfara. Annað þeirra skipa hafi verið í hærra lagi skipa, og hafi skipstjórahlutur þar verið kr. 59.410.80,

en hitt, sem hafi verið fyrir neðan meðallag, hafi verið með skipstjórahlut kr. 33.012.10. Tekur stefnandi meðaltal þessara tveggja skipa og reiknar skipstjórahlut sinn kr. 46.000.00 Af þeirri fjárhæð hefur stefnandi feng-

ið greitt hjá hinu stefnda félagi .. kr. 22.666.72

og unnið á tímabilinu frá 30. marz

til 11. maí 1956 fyrir — 4.591.26 — 27.257.98

Mismunurinn kr. 18.742.02

er því krafa hans í málinu.

Varakröfu sína styðja stefndu þeim rökum, að stefnandi miði við of háan skipstjórahlut. Miðað við útgerð sex skipa frá Keflavík, sem stefndu hafa aflað upplýsinga um og fyrir liggja í málinu, hefur skipstjórahlutur að meðaltali verið kr. 36.892.62. Stefnandi hafi því ekki orðið fyrir meira tjóni, ef reiknað er með þeirri fjárhæð, en sem nemur kr. 9.634.64. Þar að auki hafi stefnandi unnið fyrir sjálfan sig á tímabili því, sem eftir var vertíðar, og beri að taka tillit til þess við ákvörðun bóta.

Nákvæm skýrsla liggur ekki fyrir um afla allra þeirra skipa, sem gerð voru út frá Keflavík á vetrarvertíðinni 1956, en þau voru alls um 40. Með tilliti til þess, sem að framan er rakið um aflahlut á þeim skipum, sem upplýsingar liggja fyrir um, framangreinds samkomulags, svo og þess, að stefnandi kvaðst hafa unnið að eigin húsbyggingu á því tímabili, sem eftir var vertíðarinnar, þykja bætur hans hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00. Verður fiskveiðahlutafélagið Viðey h/f því dæmt til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 1. júní 1956, eins og krafizt er.

Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1650.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni og Halldóri Gíslasyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðihlutafélagið Viðey h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Ibsen, kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og kr. 1650.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 4/1960. **Kristján Guðjónsson**
gegn
Kristjáni Fjeldsted.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og
Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ólafur Jóhannesson og Valdi-
mar Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. júlí 1959, sem barst Hæstarétti 8. þ. m.,
eftir að hún hafði verið áréttuð 12. desember f. á., hefur
sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms,
sem upp var kveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgar-
fjarðarsýslu 7. júlí f. á., í máli varnaraðilja og Sesselju Fjeld-
sted gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnar-
aðilja verði dæmt að greiða honum kr. 25.170.00 í máls-
kostnað og kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðs-
dóms verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða
honum kærumálskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknar-
aðilja málskostnað í héraði, kr. 8000.00.

Þá ber og varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumáls-
kostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Kristján Fjeldsted, greiði sóknaraðilja,
Kristjáni Guðjónssyni, málskostnað í héraði, kr. 8000.00,
og kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að
lögum.